

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 16. október 2024
UST202409-152/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Áfangagil - Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Áfangagil skálasvæði.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið fyrir skálasvæði Áfangagils á Landmannaafrétt taki til núverandi fjallaskála, tjaldsvæðis, sturtu og salernishúss auk fyrirhugaðrar uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu. Auk þess segir að skipulagssvæðið sé um 3 ha að stærð. Innan svæðis er heimilt að byggja 4 nýja 50 m² gistiskála. Mænishæð gistiskála getur verið allt að 6,0 m. Mænisstefna er frjáls en gæta skal samræmis á milli bygginga og við núverandi byggingar á svæðinu.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið liggur á mörkum svæðis á náttúruminjaskrá nr. 730 en því er lýst þannig:

„Hekla. Rangárvallasýslu. (1) Mörk frá Norðurbotnum um Sölvahraun í Valafell og þaðan í Stóra-Mælifell. Að austan ráða vesturmörk Friðlands að fjallabaki og að sunnan frá Laufafelli um Krakatind að Vondubjalla. Þaðan í Selsundsfjall, Mælifell í YtriRangá við Stóra-Glerhausgil og upp með ánni að Norðurbotnum. (2) Eitt þekktasta eldfjall landsins.“

Mikilvægt er að tekið verði tillit til nálægðar við friðlönd í nágrenninu við fyrirhugaða uppbyggingu og fjölgun ferðamanna á svæðinu.

Stofnunin telur nauðsynlegt að við fyrirhugaða framtíðaruppbyggingu verði gætt að þolmörkum svæðisins og viðkvæmrar náttúru þannig að ásýnd landsins hnigni ekki m.t.t. fjölda ferðamanna og stýringu þeirra. Mikilvægt er að samræma útlit, löggun og gerð mannvirkja á svæðinu.

Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Innan skipulagssvæðisins er meðal annars að finna votlendisvistgerðina tjarnastararflóavist sem hefur mjög hátt verndargildi auk vistgerðarinnar lyngmóavist á hálendi sem hefur hátt verndargildi. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdina sé hugað að vernd viðkvæms gróðurs og vistgerða á svæðinu. Ef nauðsynlegt reynist við framkvæmdina að raska viðkæmum gróðri og vistgerðum með hátt verndargildi verði reynt að enduheimta þær eftir fremsta megni.

Fráveita

Fjalla þarf um hvernig fráveitumálum verður háttað á svæðinu, ekki bara hvernig vatni verður veitt af húspökum. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit¹ um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að fjallað er um grunnvatnshlotið á svæðinu, vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála. Hins vegar er ekki fjallað um áhrif tillögunnar á vatn. Í greinargerð segir að núverandi ástand grunnvatnshlotsins Tungnaárhrauns er með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt, hið rétta er að núverandi ástand þessara þátta er óþekkt.² Umhverfismarkmið þessara þátta er hins vegar að magnaða og efnafræðilegt ástand sé gott eins og kom réttilega fram í greinargerð.

Samkvæmt 28. gr. vatnalaga skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.³

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%c3%b0b_minni%20fr%c3%a1veitur_LOKA.pdf

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-308-G>

³ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)